

STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 1999

Nr. 580

1716

30. ágúst 1999

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi suðaustur Hvaleyrarholts, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 15. júní 1999 breytingu á deiliskipulagi suðaustur Hvaleyrarholts, sem staðfest var þann 14. ágúst 1979. Breytingin felst í að byggingareitum Lyngbarðs 1-9 er breytt, þannig að möguleiki er á tengibyggingu milli húss og bílskúrs.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 30. ágúst 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

Nr. 581

25. ágúst 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts 1989-2009, Biskupstungnahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts í Biskupstungum 1989-2009, frá 27. júní 1990.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- garðyrkjulóðir norðan Skyrklettagötu breytast í verslun og þjónustu,
- garðyrkjulóðir sunnan Skyrklettagötu breytast í frístundabyggð,
- iðnaður á sláturhúsaloð breytist í verslun og þjónustu,
- landbúnaður og opin svæði til ákveðinna nota við Laugarásbýlið breytist í iðnað,
- landbúnaðarsvæði á Laugarásnum breytist í opin svæði til sérstakra nota,
- landbúnaðarsvæði á Laugarásnum breytist í íbúðabyggð,
- lega opinna óbyggðra svæða, landbúnaðarlóðar og íbúðabyggðar syðst á svæðinu breytast og opið svæði til sérstakra nota bætist við,
- Sólveigarstaðir breytast úr garðyrkjulóð í verslunarlóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Biskupstungnahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.